

Leiðbeiningar fyrir eftirlitsaðila

Eftirlit með innflutningi á fersku hráu
kjöti og eggjum frá EES svæðum.

Viðbótartryggingar vegna salmonellu og vöktun á
kampýlobakter

Innihald

Inngangur	3
Skilgreiningar	4
Löggjöf	5
Skjalaskoðun.....	6
Viðskiptaskjal.....	6
Viðbótartryggingar	10
Vottorð	11
Reglur um sýnatökur sem niðurstöður salmonellugreininga byggja á.....	13
Örverufræðilegar aðferðir við rannsóknir á sýnum	13
Nauta- og svínakjöt vegna salmonellu	13
Alifuglakjöt vegna salmonellu	14
Kampýlóbakter í alifuglum og afurðum alifugla	15
Tíðni eftirlits og áhættuflokkun.....	16
Framkvæmd eftirlits (gátlisti)	16
Sýnatökur hjá dreifingaraðilum.....	28
Mat á athugasemdum.	29

Inngangur

Leiðbeiningar þessar fjalla um eftirlit með innflutningi dýraafurða. Skilyrði eru um viðbótartryggingar vegna salmonellu í dýraafurðum og um Kampýlobakter í ófrosnum kjúklingaafurðum. Fyrst og fremst er um skjalaskoðun að ræða í reglubundnu eftirliti hjá innflutningsaðilum

Það er á ábyrgð innflutningsaðila að gögn (viðskiptaskjöl, vottorð með niðurstöðum salmonellugreininga) fylgi sendingum af fersku nauta-, svína-, kjúklinga- og kalkúna-, perluhæsna-, anda- og gæsakjöti og eggjum skv. kröfum sem tilgreindar eru í EB reglugerð nr. 1688/2005. Einnig að sýnatökur og örverufræðilegar aðferðir, sem niðurstöður greininga byggja á, séu í samræmi við kröfur í sömu reglugerð.

Gerð er krafa um viðbótartryggingar fyrir tiltekna kjöttegundir og egg. Viðbótartryggingin felst m.a. í því að með sendingunni þurfi að fylgi viðskiptaskjal sem sendandi vörunnar fyllir út og skrifar undir. Niðurstöður salmonellurannsóknna þurfa í ákveðnum tilvikum að fylgja viðskiptaskjalinu. Krafa er um ákveðinn fjölda sýna til greiningar á *salmonellu*, og einnig um sýnatöku- og rannsóknaraðferðir.

Við innflutning á eggjum sem upprunin eru í EES ríkjum þarf að fylgja sendingunni vottorð sem opinber dýralæknir eða opinber skoðunarmaður skrifar undir. Niðurstöður salmonellurannsóknna þurfa alltaf að fylgja með sendingunni nema ef um er að ræða egg sem eiga að fara í frekari vinnslu sem eyðir bakteríunni. Sýnaniðurstöður þurfa ávallt að fylgja sendingunni þrátt fyrir að eggin komi frá landi sem er þegar með viðbótartryggingu. Framleiðsla og/eða þökkun afurða þarf að vera í samræmi við evrópska matvælalöggjöf.

Gerður er greinarmunur á innflutningi matvæla (þ.e. dýraafurða; kjötafurða, mjólkurafurða og eggja) eftir því hvort þau eiga uppruna að rekja til ríkja innan eða utan Evrópusambandsins/Evrópska efnahagssvæðisins (ESB/EES). Matvæli sem framleidd eru í ESB/EES ríkjum og í samræmi við evrópska matvælalöggjöf eru í frjálssu flæði innan EES. Í þessu felst að ekki er þörf á vottun yfirvalda vegna flutnings matvæla (dýraafurða) á milli ríkja sambandsins.

Innflutningur á kjöti sem framleitt er í ríkjum utan EES er áfram leyfisskyldur. Dýraafurðir (kjötafurðir/mjólkurafurðir/egg) sem framleiddar eru í þriðja ríki en fluttar til Íslands í gegnum ESB/EES lúta sömu skilyrðum og afurðir sem fluttar eru til Íslands milliliðalaust frá þriðja ríki þá þarf einnig að sækja um leyfi fyrir innflutning til Matvælastofnunnar.

Sjá nánar í leiðbeiningum Matvælastofnunnar um innflutning dýraafurða frá ríkjum utan EES: <https://www.mast.is/is/matvaelafyrirtaeki/inn-og-utflutningur/innflutningur-utan-ees>

Skilgreiningar

ISO staðall: Staðall sem hefur verið staðfestur af alþjóðlegu staðlasamtökunum ISO. Það þýðir með öðrum orðum að staðallinn sé alþjóðlegur. Gerð ISO-staðla byggist á því að hagsmunaðilar komi sér saman um hvað sé hæfilegt, eðlilegt, góðar starfsvenjur og í takt við tímann. Ákveðnar reglur eru viðhafðar um samning og samþykkt staðla, sem og þátttöku við gerð þeirra.

NMKL: Norræna matvælarannsóknarnefndin (Nordisk Metodikkomité for Levnedsmidler)

Nýtt kjöt: Kjöt sem hefur ekki fengið aðra meðhöndlun en kælingu, frystingu eða hraðfrystingu til að tryggja geymsluþol þess, þ.m.t. kjöt sem er pakkað í lofttæmdar umbúðir eða pakkað við stýrðar loftaðstæður.

Sendinganúmer: Sendingar hjá tollinum eru auðkenndar með ákveðin sendinganúmer í tollkerfi.

Tollskrárnúmer: Númer sem matvæli fá við innflutning og byggja á alþjóðlegu flokkunarkerfi yfir flytjanlegar vörur og er samin af Tollsamvinnuráðinu í Brussel (nú WCO).

Vélúrbeinað kjöt: Afurð sem fæst með því að fjarlægja kjöt af beinum, sem enn eru með kjöti eftir úrbeiningu, eða af alifuglaskrokkum með vélbúnaði sem veldur því að bygging vöðvaþráða eyðileggst eða breytist.

Viðbótatrygging (special guarantees): Viðbótatryggingar vegna *Salmonella* í tilteknum dýraafurðum eru veittar ríkjum á EES með lága tíðni *Salmonella* í allri framleiðslukeðju þessara afurða til að vernda sérstöðu landanna.

Viðskiptaskjal (Commercial documents): Skjal sem þarf að fylgja öllum sendingum af fersku (kælt eða frosið) nauta-, svína-, kalkúna-, kjúklinga-, -, perluhænsna-, gæsa og andakjöt, þ.m.t. hökkuðu kjöti sem er flutt til Íslands frá EES ríkjum. Fyrirmynd af viðskiptaskjalinu er að finna í 4. viðauka í reglugerð EB nr. 1688/2005.

Unnið kjöt (Meat preparation): Nýtt kjöt, þ.m.t. kjöt sem hefur verið bitað niður, sem matvælum, kryddi eða aukefnum hefur verið bætt í eða sem hefur verið sett í vinnslu sem nægir ekki til að breyta innri byggingu vöðvaþráða í kjötinu og eyða þannig einkennum þess sem nýs kjöts.

Löggjöf

Kröfur í þessum leiðbeiningum eru byggðar á eftirfarandi lögum og reglugerðum:


- Lög nr. 93/1995 um matvæli.
- Reglugerð (EB) nr. 853/2004 (sem innleidd er með reglugerð nr. 104/2010) um sérstakar ábyrgðir/viðbótartryggingar (8.gr.).
- Reglugerð nr. 877/2019 um viðbótartryggingar varðandi salmonellu vegna sendinga af kjúklingakjöti, kalkúnakjöti og hænueggjum.
- Reglugerð nr.1155/2019 um viðbótartryggingu varðandi salmonellu vegna sendinga af nauta- og svínakjöti.
- Reglugerð EB nr. 1688/2005 (Ísl. 134/2010) um sérstakar ábyrgðir varðandi salmonellu vegna sendinga af tilteknum tegundum kjöts og eggja.
- Reglugerð nr. 891/2019 um vöktun á kampýlólbakter í alifuglum og alifuglakjöti.
- Reglugerð nr. 370/2020 um viðbótartryggingar varðandi salmonellu vegna sendinga af perluhænsna-, gæsa- og andakjöti.

Skjalaskoðun

Við innflutning á fersku kjöti þarf að fylgja ýmist viðskiptaskjöl og/eða niðurstöður greininga. Viðskiptaskjal skal fylgja öllum sendingum af nauta-, svína-, kjúklinga-, kalkúna-, perluhænsna-, gæsa og andakjöt. Þar sem viðbótartrygging er til staðar þarf ekki að framvísa niðurstöðum um salmonellugreiningu. Alls hafa fimm lönd á EES svæðinu viðbótartryggingar fyrir mismunandi kjöttegundir og egg:

- **Ísland:** Ferskt (kælt og frosið) nauta-, svína-, kalkúna-, kjúklinga, perluhænsna-, gæsa- og andakjöt, þ.m.t hakkað kjöt og hænuegg
- **Danmörk:** Ferskt kjúklingakjöt og hænuegg
- **Svíþjóð, Finnland og Noregur:** Ferskt nauta-, svína- og alifuglakjöt (kjöt af alihænsnum, kalkúnum, perluhænsnum, öndum og gæsnum) þ.m.t. hakkað kjöt og hænuegg

Á mynd 1 má sjá yfirlit yfir þau skjöl sem eiga að vera tiltæk hjá ábyrgðaraðila fyrir innflutning matvælna, miðað við tegund matvæla. Matvælafyrirtæki skulu geta framvísað niðurstöðum kampýlobakterranssóknna í a.m.k. 5 ár.



1

Mynd 1: Yfirlitsmynd yfir skjöl sem skulu fylgja ákveðnum tegundum matvæla í innflutningi frá ríkjum innan EES og afurðum með uppruna innan EES.

Viðskiptaskjal

Viðskiptaskjal (Commercial documents) skal fylgja öllum sendingum af fersku (kælt eða frosið) nauta-, svína-, kalkúna-, kjúklinga-, perluhænsna-, gæsa- og andakjöt, þ.m.t. hökkuðu kjöti sem eru flutt inn til Íslands frá EES ríkjum.² Fyrirmynd af viðskiptaskjalinu er að finna í 4. viðauka reglugerðar EB nr. 1688/2005. Enska útgáfu viðskiptaskjalsins má sjá á mynd 2 og íslenska útgáfu af viðskiptaskjalinu má

¹ SE: Svíþjóð, FI: Finnland, NO: Noregur, DK: Danmörk.

² Fyrir aðrar kjöttegundir þarf viðskiptaskjal ekki að fylgja með sendingum til landsins. Innflutningur á kjöti frá ríkjum utan EES er áfram leyfisskyldur.

sjá á mynd 3. Á viðskiptaskjalinu sem fylgja sendingum þarf m.a að koma fram yfirlýsing um eitt af eftirfarandi; (sbr 6. lið í IV. viðauka reglugerðar EB 1688/2005):

1. Að sýni sem tekin voru skv. reglugerð EB nr.1688/2005 í salmonellugreiningu séu neikvæð, og niðurstöðuskjöl/yfirlýsing rannsóknastofu þess efnis fylgi sendingunni; eða
2. Að kjötið fari á starfsstöð til gerilsneyðingar, dauðhreinsunar eða meðhöndlunar sem hefur svipuð áhrif; eða
3. Að kjötið, þ.m.t. hakkað kjöt, komi frá landi sem þegar hafi viðbótartryggingu fyrir kjöttegundina.

Model commercial document for the consignment to Finland and Sweden of meat from bovine or porcine animals or meat from poultry, including minced meat

<p>1. Consignor (name of despatching establishment and address in full and, if appropriate approval number of the despatching establishment)</p> <p>.....</p> <p>.....</p>	<p>Document reference number ⁽¹⁾:</p> <p>Total number of pages of this document:</p> <p>Date (on which the material was taken from the premises):</p> <p>.....</p>
<p>2. Consignee (receiver's name and address in full and, if appropriate approval number of the establishment of destination of the product)</p> <p>.....</p> <p>.....</p>	<p>3. Place of loading for dispatch (address in full if different from point 1)</p> <p>.....</p> <p>.....</p>
<p>4. Carrier, means of transport, quantity and identification of consignment</p> <p>4.1. Carrier (name and address in full):</p> <p>.....</p> <p>.....</p> <p>4.2. Lorry, rail-wagon, ship or aircraft ⁽²⁾</p> <p>4.3. Registration number(s), ship name or flight number:</p> <p>.....</p>	<p>4.5. Nature of packaging:</p> <p>.....</p> <p>4.6. Number of packages per category of products:</p> <p>.....</p> <p>.....</p> <p>4.7. Net weight (kg):.....</p> <p>4.8. Container number if applicable:</p> <p>.....</p>
<p>5. Description of the products</p> <p>5.1. Type of products ⁽³⁾:</p> <p>5.2. Condition of products ⁽⁴⁾:</p>	
<p>6. Declaration by the consignor</p> <p>I, the undersigned, declare that:</p> <p>The checks referred to in Commission Regulation [...] have been carried out with negative results and a statement from the laboratory concerning the analyses performed on the consignment or the results of such analyses is attached to this document ⁽²⁾.</p> <p>The meat from bovine or porcine animals, including minced meat thereof, is intended for an establishment for the purposes of pasteurisation, sterilisation or treatment having a similar effect ⁽²⁾.</p> <p>The meat, including minced meat, comes from an establishment that is subject to a control programme recognised as equivalent to that approved for Sweden and Finland ⁽²⁾.</p>	
<p>Signature</p> <p>Done at on</p> <p align="center">(place) (date)</p> <p align="center">.....</p> <p align="center">(signature of the responsible person/consignor) ⁽⁵⁾</p> <p align="center">.....</p> <p align="center">(name, in capital letters)</p>	
<p>Notes</p> <p>⁽¹⁾ Reference number issued by the responsible person for purpose of traceability.</p> <p>⁽²⁾ Delete as appropriate.</p> <p>⁽³⁾ Describe the type of product (e.g. meat from bovine animals, meat from porcine animals, meat from poultry, minced meat).</p> <p>⁽⁴⁾ Describe the condition of product: chilled or frozen.</p> <p>⁽⁵⁾ The signature must be in a different colour to that of the printing.</p>	

Mynd 2: Ensk útgáfa af fyrirmynd af viðskiptaskjali (Commercial document) sbr. 4. Viðauka reglugerðar EB nr. 1688/2005.


Fyrirmynd viðskiptaskjals fyrir sendingar til Finnlands og Svíþjóðar á kjöti af nautgripum eða svinum eða kjöti af alifuglum, þ.m.t. hakkað kjöt

<p>1. Sendandi (fullt heiti og heimilisfang starfsstöðvar sem sendir og, ef við á, samþykkisnúmer starfsstöðvar sem sendir)</p> <p>.....</p> <p>.....</p>	<p>Tilvísunarnúmer skjals ⁽¹⁾</p> <p>Heildarfjöldi blaðsíðna í þessu skjali:</p> <p>Dagurinn (þegar efnið var flutt af athafnasvæðinu):</p>
<p>2. Viðtakandi (fullt heiti og heimilisfang viðtakanda og, ef við á, samþykkisnúmer starfsstöðvarinnar sem tekur við afurðinni)</p> <p>.....</p> <p>.....</p>	<p>3. Fermingarstaður sendingar (fullt heimilisfang ef annað en í 1. lið)</p> <p>.....</p> <p>.....</p>
<p>4. Flytjandi, flutningateki, magn og auðkenni sendingar</p> <p>4.1. Flytjandi (fullt nafn og heimilisfang):</p> <p>.....</p> <p>.....</p> <p>4.2. Vöruflytningabifreið, járnbrautarvagn, skip eða loftfar ⁽²⁾</p> <p>4.3. Skráningarnúmer, heiti skips eða flugnúmer:</p> <p>.....</p>	<p>4.5. Tegund þakkinga:</p> <p>.....</p> <p>4.6. Fjöldi þakkinga í hverjum flokki afurða:</p> <p>.....</p> <p>.....</p> <p>4.7. Eigin þyngd (kg):</p> <p>4.8. Númer gáms, ef við á:</p> <p>.....</p>
<p>5. Lýsing á afurðunum</p> <p>5.1. Tegund afurða ⁽³⁾</p> <p>5.2. Ástand afurða ⁽⁴⁾</p>	
<p>6. Yfirlýsing sendanda</p> <p>Ég, undirrituð/undirritaður lýsi því yfir að:</p> <p>skoðanirnar, sem um getur í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar [...], hafa verið gerðar með neikvæðum niðurstöðum og yfirlýsing frá rannsóknarstofunni, sem varðar þær greiningar, sem voru gerðar á sendingunni, eða niðurstöður slíkra greininga fylgja þessu skjali ⁽⁵⁾.</p> <p>Kjötið af nautgripum eða svinum, þ.m.t. hakkað kjöt, á að fara á starfsstöð til gerilsneyðingar, dauðhreinsunar eða meðhöndlunar sem hefur svipuð áhrif. ⁽⁶⁾</p> <p>Kjötið, þ.m.t. hakkað kjöt, kemur frá starfsstöð sem fellur undir efnirlitsáætlun sem er viðurkennd sem jafngild þeirri sem var samþykkt fyrir Svíþjóð og Finnland ⁽⁷⁾.</p>	
<p>Undirskrift</p> <p>Gjört i/á hinn</p> <p>(staður) (dagsetning)</p> <p>.....</p> <p>(undirskrift ábyrgðaraðila/sendanda) ⁽⁸⁾</p> <p>.....</p> <p>(nafn, með hástöfum)</p>	
<p>Athugasemdir</p> <p>⁽¹⁾ Tilvísunarnúmer, gefið út af ábyrgðaraðila í þágu rekjanleika.</p> <p>⁽²⁾ Strikið yfir það sem á ekki við.</p> <p>⁽³⁾ Lýsið tegund afurða (t.d. kjöt af nautgripum, svinum eða alifuglum, hakkað kjöt).</p> <p>⁽⁴⁾ Lýsið ástandi afurða: kældar eða frystar.</p> <p>⁽⁵⁾ Undirskrift skal vera í öðrum lit en prentaði textinn.</p>	

Mynd 3: Íslensk útgáfa af fyrirmynd af viðskiptaskjali (Commercial document) sbr. 4. Viðauka reglugerðar EB nr. 1688/2005.

Viðbótartryggingar

Viðbótartryggingar gilda fyrir tiltekna kjöttegundir og hænuegg í ákveðnum löndum (sjá yfirlit á mynd 4). Viðbótartryggingin á við um nýtt/ferskt kjöt en hún á ekki við um unnar kjötvörur og vélúrbeinað kjöt. Nýtt kjöt er skilgreint í reglugerð EB 853/2004, um sérstakar reglur um hollustuhætti sem varða matvæli úr dýraríkinu, sem kjöt sem hefur ekki fengið aðra meðhöndlun en kælingu, frystingu eða hraðfrystingu til að tryggja geymsluþol þess, þ.m.t. kjöt sem er pakkað í lofttæmdar umbúðir eða pakkað við stýrðar loftaðstæður. Unnar kjötvörur (meat preparation) eru skilgreinar í reglugerðinni (EB 853/2004) sem nýtt kjöt, þ.m.t. kjöt sem hefur verið bitað niður, sem matvælum, kryddi eða aukefnum hefur verið bætt í eða sem hefur verið sett í vinnslu sem nægir ekki til að breyta innri byggingu vöðvaþráða í kjötinu og eyða þannig einkennum þess sem nýs kjöts. Vélúrbeinað kjöt er afurð sem fæst með því að fjarlægja kjöt af beinum, sem enn eru með kjöti eftir úrbeiningu, eða af alifuglaskrokkum með vélbúnaði sem veldur því að bygging vöðvaþráða eyðileggst eða breytist.



Mynd 4: Yfirlitsmynd yfir tiltekin matvæli með viðbótartryggingar eftir löndum.

Dæmi um innflutning á nokkrum kjöttegundum frá mismunandi löndum, með og án viðbótartrygginga:

- Ef ferskt (frosið eða ófrosið) nautakjöt er flutt inn frá Þýskalandi þá þarf viðskiptaskjal að fylgja með ásamt niðurstöðum salmonellugreininga.
- Ef ferskt svínakjöt er flutt inn frá Finnlandi þá þarf viðskiptaskjal að fylgja sendingunni en ekki niðurstöður salmonellugreininga.
- Ef kryddað nautakjöt (unnin kjötvara) er flutt inn frá Þýskalandi eða Finnlandi þá þarf hvorki viðskiptaskjal né niðurstöður salmonellugreininga.

Sendingum á eggjum þarf ávallt að fylgja vottorð sem samrýmist fyrirmyndinni á mynd 5 sbr. V. Viðauka í reglugerð nr. 1688/2005 og niðurstöður greininga í sumum tilvikum.

Vottorð

Vottorð sem fylgja eggjasendingum þarf m.a. að koma fram yfirlýsing um að opinber dýralæknir eða opinber skoðunarmaður, hafi staðfest með undirskrift sinni að (sbr 2. hluti í viðauka V í reglugerð EB nr. 1688/2005):

- i. Niðurstöður salmonellurannsóknna úr upprunahópi eggjana í þessari sendingu séu neikvæðar, eða
- ii. Að eggin á að nota til framleiðslu á unnum afurðum með vinnsluaðferð sem tryggir eyðingu salmonellu.

EVROPUBANDALAGIÐ

Vottorð vegna viðskipta innan Bandalagsins

I. HLUTI: Upplýsingar um sendinguna	I.1. Sendandi				I.2. Tilvísunarnúmer vottorðs		I.2.a. Tilvísunarnúmer staðar:	
	<input type="checkbox"/> Heiti Heimilisfang Póstnúmer				I.3. Lögbaert stjórnvald			
	I.5. Viðtakandi				I.4. Lögbaert staðaryfirvald			
	Heiti Heimilisfang Póstnúmer				I.6. Númer tilheyrandi, upprunalegra vottorða *			
	I.7. Seljandi *				I.7. Seljandi *		Samþykkisnúmer	
	Nafn				Nafn		Samþykkisnúmer	
	I.8. Upprunaland		ISO-kóði		I.9. Upprunahérað		Kóði	
	I.10. Viðtökuland		ISO-kóði		I.1.1. Viðtökuhérað		Kóði	
	I.1.2. Upprunastaður/veiðistaður				I.13. Ákvörðunarstaður			
	* Bújörð <input type="checkbox"/> * Söfnunarstöð <input type="checkbox"/> * Athafnasvæði seljanda <input type="checkbox"/> * Samþykktur aðili <input type="checkbox"/> * Sæðisstöð <input type="checkbox"/> * Samþykkt lagareldisstöð <input type="checkbox"/> * Fósturvisatöku- <input type="checkbox"/> * Starfsstöð <input type="checkbox"/> * Annað <input type="checkbox"/> hópur <input type="checkbox"/> Heiti <input type="checkbox"/> Samþykkisnúmer				* Bújörð <input type="checkbox"/> * Söfnunarstöð <input type="checkbox"/> * Athafnasvæði seljanda <input type="checkbox"/> * Samþykktur aðili <input type="checkbox"/> * Sæðisstöð <input type="checkbox"/> * Samþykkt lagareldisstöð <input type="checkbox"/> * Fósturvisatöku- <input type="checkbox"/> * Starfsstöð <input type="checkbox"/> * Annað <input type="checkbox"/> hópur <input type="checkbox"/> Heiti <input type="checkbox"/> Samþykkisnúmer			
	Heimilisfang Póstnúmer				Heimilisfang Póstnúmer			
	I.1.4. Fermingarstaður *				I.15. Brottfarardagur og -tími *			
	Póstnúmer							
	I.16. Flutningatæki				I.17. Flytjandi *			
	Flugvél <input type="checkbox"/> Skip <input type="checkbox"/> Járnbrautarvagn <input type="checkbox"/> Ökutæki <input type="checkbox"/> Annað <input type="checkbox"/> Auðkenni:				Nafn <input type="checkbox"/> Samþykkisnúmer Heimilisfang Póstnúmer Aðildarríki			
I.18. Dýrategund/afurð				I.19. Vörunúmer (SAT-númer)				
				I.20. Fjöldi/magn		I.22. Fjöldi pakkninga		
I.21. Hitastig afurða				I.23. Auðkenni gáms/innsiglisnúmer		I.24. Tegund umbúða		
Við umhverfshita <input type="checkbox"/> Kældar <input type="checkbox"/> Frystar <input type="checkbox"/>								
I.25. Dýr sem eru vottuð/afurðir sem eru vottaðar:								
* Til undaneldis <input type="checkbox"/> * Til eldis <input type="checkbox"/> * Til slátrunar <input type="checkbox"/> * Til farbeitar (transhumance) <input type="checkbox"/> * Samþykktur aðili <input type="checkbox"/> * Til tæknifrjóvgunar <input type="checkbox"/> * Sem skráð dýr af hestaætt <input type="checkbox"/> * Til endurnýjunar veiðidýrastofns <input type="checkbox"/> * Sem gæludýr <input type="checkbox"/> Til mannelis: <input type="checkbox"/> * Til notkunar í föður <input type="checkbox"/> * Til lyfjafraeðilegrar notkunar <input type="checkbox"/> * Til tæknilegra nota <input type="checkbox"/> * Annað <input type="checkbox"/>								
I.26. Umflutningur gegnum þriðja land <input type="checkbox"/>				I.27. Umflutningur gegnum aðildarríki <input type="checkbox"/>				
Þriðja land ISO-kóði Brottfararstaður Kóði Komustaður Nr. landamæraskoðunarst.:				Aðildarríki ISO-kóði Aðildarríki ISO-kóði Aðildarríki ISO-kóði				
I.28. Útflutningur <input type="checkbox"/>				I.29. Áætlaður ferðatími				
Þriðja land ISO-kóði Brottfararstaður Kóði								
I.30. Leiðaráætlun *								
Já <input type="checkbox"/> Nei <input type="checkbox"/>								
I.31. Auðkenni dýra/afurða								
Samþykkisnúmer starfsstöðva/skipa Dýrategundir (Visindaheiti) Flokkur Vinnslustöð Magn Nettóþyngd:								

* Fyllist ekki út.

Mynd 5: Fyrirmynd vottorðs fyrir sendingar á eggjum sem ætluð eru til mannelis, I hluti sbr. viðauka V í EB reglugerð nr. 1688/2005.

II. hluti Vottorðs	II: Upplýsingar um heilbrigði	Tilvísunarnúmer vottorðs	Tilvísunarnúmer staðar
	Staðfesting Ég, undirrituð/undirritaður, votta hér með að:		
	i. eggjin, sem lýst er hér að framan, eru úr hópum sem hafa gengist undir, með neikvæðum niðurstöðum, þær skoðanir sem kveðið er á um í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar [...] (*), ii. eggjin á að nota til framleiðslu á unnum afurðum með vinnsluáferð sem tryggir eyðingu salmonellu (*).		
Athugasemdir (*) Reitur nr. I.16: tilgreina skal skráningarnúmer jámbrautarvagns eða vöruflutningabils og heiti skips eftir því sem við á. Tilgreina skal flugnúmer loftfarsins ef það er þekkt. (*) Reitur nr. I.23: ef um er að ræða flutning í gámum eða kössum skal tilgreina heildarfjölda þeirra, skráningarnúmer og innsigli snúmer, ef um slíkt er að ræða. (*) Reitur nr. I.31: fyrir „flokk“ skal tilgreina flokk A eða B í samræmi við endurskoðaða reglugerð ráðsins (EB) nr. 1907/90. (*) Strikið yfir það sem á ekki við. (*) Undirskrift og stimpill skulu vera í öðrum lit en prentaði textinn.			
Opinber dýralæknir eða opinber skoðunarmaður			
Nafn (með hástöfum): Staðbundin dýralæknæining: Dags.: Stimpill (*):		Menntun, hæfi og titill: Númer staðbundnu dýralæknæiningarinnar Undirskrift (*):	

Mynd 6: Fyrirmynd vottorðs fyrir sendingar á eggjum sem ætluð eru til manneðis, II hluti sbr. viðauka V í EB reglugerð nr. 1688/2005.

Reglur um sýnatökur sem niðurstöður salmonellugreininga byggja á

Innflutningsaðili þarf að gera kröfu til sendanda vörunnar um að sýnatökur fyrir kjöt og egg séu framkvæmdar samkvæmt reglugerð EB 1688/2005. Í reglugerðinni er fjallað um fjölda sýna sem þarf að greina m.t.t salmonellu og hvernig sýnin eiga að vera tekin.

Örverufræðilegar aðferðir við rannsóknir á sýnum

Örverufræðilegar prófanir m.t.t. salmonellu á sýnum skulu fara fram í samræmi við nýjustu útgáfu EN/ISO 6579 eða NMKL aðgerð nr. 71 sbr. 1-4. gr í reglugerð EB nr. 1688/2005. Einnig er heimilt að nota aðrar aðferðir til greiningar á sýnum af nauta-, svína- og alifuglakjöti sem hafa verið fullgiltar gagnvart fyrirgreindum ISO og NMKL aðferðum og ef um er að ræða séraðferð í samræmi við aðferðarlýsingu í EN/ISO-staðli 16140 eða aðra alþjóðlega viðurkennda aðferðalýsingu.

Nauta- og svínakjöt vegna salmonellu

Reglur um sýnatöku sem koma fram í viðauka I (A-þáttur) í reglugerð nr. 1688/2005, eiga við um kjöt eða hakkað kjöt úr nautgripum og svinum sem ætlunin er að fari á markað á Íslandi. Niðurstöður salmonellu greininga skulu því byggja á sýnatökuaðferðum sem lýst er í áður nefndum viðauka. Þeim er skipt upp í þrjá flokka eftir því hvernig sýni eru tekin, hvort þau eru af heilum skrokkum, stykkjum eða hökkuðu kjöti.

Athuga skal hvort fjöldi sýna er tekin samkvæmt B-þætti í viauka I í reglugerð nr. 1688/2005 í skjölum sem fylgja sendingu.

Fjöldi sýna af nauta- og svínakjöti sem niðurstöður salmonellugreininga byggja á, skal vera í samræmi við töflur sem fram koma í viðauka I, (B-þáttur), sjá mynd nr 7.

B-þáttur

FJÖLDI SÝNA SEM SKAL TAKA

- Skrokkar, hálfir skrokkar, hálfir skrokkar, sem eru stykkjaðir í að hámarki þrjá hluta, og fjórðungar sem um getur í 1. lið A-hluta**

Fjöldi skrokka eða hálfra skrokka (eininga) í sendingu, sem taka skal sýni úr með slembiúrtaki, skal vera eftirfarandi:

Sending (fjöldi pakkningaeininga)	Fjöldi pakkaðra eininga sem taka skal sýni úr
1–24	Fjöldi sem svarar til fjölda pakkaðra eininga, þó að hámarki 20
25–29	20
30–39	25
40–49	30
50–59	35
60–89	40
90–199	50
200–499	55
500 eða fleiri	60

Mynd 7: Tafla yfir fjölda sýna sem taka skal af nauta- og svínakjöti miðað við fjölda pakkninga í sendingu, þar sem um er að ræða skrokka eða hálfra skrokka í sendingu.

2. Fjórðungar, stykki og smærri hlutar sem um getur í 2. lið A-hluta og hakkað kjöt sem um getur í 3. lið A-hluta

Fjöldi pakkaðra eininga í sendingu, sem taka skal sýni úr með slembiúrtaki, skal vera eftirfarandi:

Sending (fjöldi pakkaðra eininga)	Fjöldi pakkaðra eininga sem taka skal sýni úr
1–24	Fjöldi sem svarar til fjölda pakkaðra eininga, þó að hámarki 20
25–29	20
30–39	25
40–49	30
50–59	35
60–89	40
90–199	50
200–499	55
500 eða fleiri	60

Mynd 8: Tafla yfir fjölda sýna sem taka skal af nauta- og svínakjöti miðað við fjölda pakkinga í sendingu, þar sem um er að ræða fjórðunga af skrokk, stykki og smærri hluta sem um getur í 2. lið A-hlutar og hakkað kjöt.

Það ákvarðast af þyngd pökkuðu eininganna hvort fækka megi þeim pökkuðu einingum sem taka skal sýni úr og skal fækkunin ákveðin með eftirfarandi margföldunarstuðlum:

Þyngd pakkaðra eininga	> 20 kg	10–20 kg	< 10 kg
Margföldunarstuðlar	× 1	× ³ / ₄	× ¹ / ₂

Mynd 9: Tafla með margföldunarstuðli til að ákvarða hvort fækka megi þeim einingum sem sýni eru tekin af.

Dæmi: Nautalundir frá landi sem ekki er með viðbótartryggingu (td. Þýskaland)

Ef 1.000 pakkaðar einingar af nautalundum eru fluttar inn og þyngd á hverjum pakka er 15 kg.

→ Taka sýni úr $60 * \frac{3}{4} = 45$ pökkum. (Hópa má saman 10 í safnsýni → 5 safnsýni fara í greiningu á Salmonellu.

Alifuglakjöt vegna salmonellu

Reglur um sýnatöku sem koma fram í viðauka II (A-þáttur), eiga við um kjöt eða hakkað kjöt af kjúklingum, kalkúnum, perluhænsnum, gæsnum og öndum, sem ætlunin er að fari á markað á Íslandi. Niðurstöður salmonellu greininga skulu því byggja á sýnatökuaðferðum sem lýst er í áðurnefndum viðauka. Þeim er skipt upp í þrjá flokka eftir því hvernig sýni eru tekin, hvort þau eru af heilum skrokkum með húð á hálsi enn áfasta, skrokkum án húðar á hálsi, skrokkhlutar og sláturmatur eða hökkuðu kjöti.

Athuga skal hvort fjöldi sýna er tekin samkvæmt B-þætti í viauka I í reglugerð nr. 1688/2005 í skjölum sem fylgja sendingu.

Sýnafjöldi af kjúklinga-, kalkúna-, perluhænsna-, gæsa- og andakjöti skal vera í samræmi við töflur sem fram koma í viðauka II, (B-þáttur) Sjá mynd nr. 10.

B-þáttur

FJÖLDI SÝNA SEM TAKA SKAL

Fjöldi pakkaðra eininga í sendingu, sem taka skal sýni úr með slembiúrtaki, skal vera eftirfarandi:

Sending (fjöldi pakkaðra eininga)	Fjöldi pakkaðra eininga sem taka skal sýni úr
1-24	Fjöldi sem svarar til fjölda pakkaðra eininga, að hámarki 20
25-29	20
30-39	25
40-49	30
50-59	35
60-89	40
90-199	50
200-499	55
500 eða fleiri	60

Mynd 10: Tafla yfir fjölda sýna sem taka skal af kjöti eða hökkuðu kjöti úr alifuglum miðað við fjölda pakkaðra eininga í sendingu sem um getur í viðauka II, B-þáttur.

Það ákvarðast af þyngd pökkuðu eininganna hvort fækka megi þeim pökkuðu einingum sem taka skal sýni úr og skal fækkunin ákveðin með eftirfarandi margföldunarstuðlum:

Þyngd pakkaðra eininga	> 20 kg	10-20 kg	< 10 kg
Margföldunarstuðlar	× 1	× ³ / ₄	× ¹ / ₂

Mynd 11: Tafla með margföldunarstuðli til að ákvarða hvort fækka megi þeim einingum sem sýni eru tekin af.

Dæmi: Kjúklingabitar (læri, lundir, bringur) frá landi sem ekki er með viðbótartryggingu (td. Þýskaland) Ef 150 pakkar af kjúklingabítum eru fluttar inn. Þyngd á hverjum pakka er 9 kg.

→ Taka sýni úr $50 * \frac{1}{2} = 25$ pökkum (A-þáttur - 2. tl.) Hópa má sama 10 sýnum í safnsýni → 3 sýni fara í greiningu á Salmonellu.

Kampýlóbakter í alifuglum og afurðum alifugla

Markmiðið reglugerðar nr. 891/2019 um vöktun á kampýlóbakter í alifuglum og alifuglakjöti, er að tryggja að gripið sé til réttra og skilvirkra ráðstafana til að greina og verjast kampýlóbakter á öllum stigum framleiðslu, vinnslu og dreifingar alifuglakjöts, í því skyni að draga úr algengi þeirra og þeirri hættu sem þær geta stefnt matvælaöryggi og lýðheilsu.

Áður en ófrystum eða óhitameðhöndluðum sláturafurðum alifugla er dreift á markaði skal sýna fram á það með sýnatöku að ekki hafi greinst kampýlóbakter í framleiðslu.

Matvælafyrirtæki geta valið milli þriggja valkosta hvernig sýni eru tekin. Að minnsta kosti eitt af eftirfarandi sýnum skal tekið til að sýna fram á að í því hafi ekki greinst kampýlóbakter:

1. Saurýni úr öllum eldishópum á eldistímanum (< 5 daga gömul sýni). Eldishópur telst jákvæður ef kampýlóbakter greinist í safnsýni (saurýni)
2. Sýni tekið úr sláturhópi við slátrun. Hálsaskinnsýni úr a.m.k þremur fuglum, úr sama sláturhópi við slátrun. Sláturhópur er jákvæður ef kampýlóbakter spp. er >10 cfu/g safnsýni
3. Sýni tekið úr afurðum alifugla. Framleiðslulota telst jákvæð ef kampýlobakter spp. greinist í safnsýni

Rannsóknarniðurstöður skulu liggja fyrir áður en sláturafurðum er dreift á markaði.

Í Landsáætlun um varnir og viðbrögð við kampýlóbakter í alifuglarækt kemur meðal annars fram með hvaða rannsóknaraðferðum sýni eru rannsökuð og hvernig niðurstöður eru túlkaðar.

Ýtarlegri leiðbeiningar Matvælastofnunar um kampýlóbaktarsýni úr alifuglum í eldi og við slátrun og afurðum alifugla er að finna á [heimasíðu](#) Matvælastofnunar.

Tíðni eftirlits og áhættuflokkun

Eftirlit HES /MAST fer fram hjá innflutningsaðilum. Eftirlitið felst fyrst og fremst í skjalaskoðun sem eiga að fylgja sendingum einnig getur það falið í sér sýnatökur til að sannreyna niðurstöður greininga. Tíðni eftirlits tekur mið af áhættu og frammistöðu t.d. ef kjöt er keypt frá löndum sem eru með viðbótartryggingu þá er lægri eftirlitstíðni. Ef kjöt er keypt frá öðrum löndum þá er hærri eftirlitstíðni. Ef skjöl uppfylla ekki kröfur þá er eftirlit aukið.

Framkvæmd eftirlits (gátlisti)

Eftirlit með kjöti og eggjum á markaði skal vera hluti af reglubundnu eftirliti fyrirtækja. Áður en farið er í eftirlit er hægt að óska eftir upplýsingum um innflutning hjá fyrirtækinu í gegnum Matvælastofnun (MAST).

Eftirfarandi er gátlisti sem hefur verið gerður í samræmi við reglugerð nr. EB 1688/2005. Hann má setja upp í ýmsum forritum til að hafa upplýsingarnar á rafrænu formi og þannig að nýta megi upplýsingar í eftirlitsskýrslu sem hægt er að senda fyrirtækinu.

1. Grunnupplýsingar

Fyrirtæki / Starfsstöð:

Heimilisfang starfsstöðvar:

Fulltrúi/eftirlitsaðili:

Fulltrúi fyrirtækis:

Dagsetning eftirlits:

2. Eftirlit með innflutningi á kjöti og eggjum

[Nautakjöt](#)

Er nautakjöt flutt inn ?

Ef já:

[Upplýsingar um sendingu](#)

Dagsetning sendingar:

Nánari lýsing á vöru/vörum:

Viðskiptaland:

Upprunaland:

Hversu mikið magn er flutt inn af vörunni (þyngd) :

Fjöldi pakkninga í sendingunni:

Þyngd á pakkningum (einingum):

Er viðbótartrygging til staðar? (Er vara frá Svíþjóð, Noregi eða Finnlandi?)

Ef Nei:

Er rannsóknarvottorð fyrir salmonellugreiningar til staðar? sbr. 1. gr. í reglugerð nr. 134/2010

Já

Nei

Ef já:

Er um að ræða skrokk, stykkjaða vöru eða hakk?

Um er að ræða skrokka, hálf skrokka, hálf skrokka sem eru stykkjaðir í að hámarki þrjá hluta og fjórðungar sem um getur í 1. lið A- hluta í viðauka 1 í reglugerð nr. 134/2010 (EB. 1688/2005)

- Er sýnataka skv. 1. tl. í B-þætti í viðauka 1 í reglugerð nr. 134/2010 (EB reglugerð nr. 1688/2005)

Já

Nei

Um er að ræða fjórðunga, stykki og/eða smærri hluta sem um getur í 2. lið A-hluta og hakkað kjöt sem um getur í 3. lið í A-hluta í viðauka 1 í reglugerð nr. 134/2010 (EB. 1688/2005)

- Er sýnataka sv. 2. tl. í B-þætti í viðauka 1 í reglugerð nr. 134/2010 (EB. 1688/2005)

Já

Nei

Er viðskiptaskjal til staðar ?

Já

Nei

Ef já:

Er viðskiptaskjal útbúið skv. fyrirmynd í viðauka IV í reglugerð nr. 134/2010 (EB. reglugerð nr. 1688/2005)

Já

Nei

Er viðskiptaskjalið á íslensku, ensku eða norðurlandamáli öðru en finnsku, fylgir því opinber þýðing eða hefur það verið samþykkt áður af lögbæru yfirvaldi ?

Já

Nei

Er frumrit til staðar (Viðskiptaskjal skal vera í a.m.k. þríriti (eitt frumrit og tvö afrit). Frumritið skal fylgja sendingunni til lokaákvörðunarstaðar. Viðtakandi skal halda því eftir. Framleiðandinn skal halda eftir öðru afritinu og flytjandinn hinu. Hægt er að senda skjöl rafrænt.

Já

Nei

Er frumrit viðskiptaskjals á einu blaði, áprentað báðum megin eða er form þess þannig að allar síðurnar mynda samfellda og órjúfanlega heild.

Já

Nei

Hvaða rannsóknáðferð er notuð við greiningu á Salmonellu?

EN/ISO 6579

EN/ISO 6140

Aðferð nr. 71 í

Aðrar faggildar aðferðir

Ekkert af framangreindu

Eru viðbótarblöð fest við viðskiptaskjalið ?

Ef já:

Er undirskrift ábyrgðaraðila á hverri síðu fyrir sig?

Já

Nei

Er undirskrift ábyrgðaraðila í öðrum lit en prentaði textinn?

Já

Nei

Svínakjöt

Er svínakjöt flutt inn ?

Ef já:

Upplýsingar um sendingu

Dagsetning sendingar:

Tollskrárnúmer:

Nánari lýsing á vöru/vörum:

Viðskiptaland:

Upprunaland:

Hversu mikið magn er flutt inn af vörunni (þyngd) :

Fjöldi pakkninga í sendingunni:

Þyngd á pakkningum (einingum):

Er viðbótartrygging til staðar? (Er vara frá Svíþjóð, Noregi eða Finnlandi?)

Ef Nei:

Er rannsóknarvottorð fyrir salmonellugreiningar til staðar? sbr. 1. gr. í reglugerð nr. 134/2010

Ef já:

Já

Nei

Er um að ræða skrokk, stykkjaða vöru eða hakk?

Um er að ræða skrokka, hálfu skrokka, hálfu skrokka sem eru stykkjaðir í að hámarki þrjá hluta og fjórðungar sem um getur í 1. lið A- hluta í viðauka 1 í reglugerð nr. 134/2010 (EB. 1688/2005)

- Er sýnataka skv. 1. tl. í B-þætti í viðauka 1 í reglugerð nr. 134/2010 (EB reglugerð nr. 1688/2005)

Já

Nei

Um er að ræða fjórðunga, stykki og/eða smærri hluta sem um getur í 2. lið A-hluta og hakkað kjöt sem um getur í 3. lið í A-hluta í viðauka 1 í reglugerð nr. 134/2010 (EB. 1688/2005)

- Er sýnataka sv. 2. tl. í B-þætti í viðauka 1 í reglugerð nr. 134/2010 (EB. 1688/2005)

Já

Nei

Hvaða rannsóknaraðferð er notuð við greiningu á Salmonellu?

EN/ISO 6579

EN/ISO 6140

Aðferð nr. 71 í

Aðrar faggildar aðferðir

Ekkert af framangreindu

Er viðskiptaskjal til staðar ?

Já

Nei

Ef já:

Er viðskiptaskjal útbúið skv. fyrirmynd í viðauka IV í reglugerð nr. 134/2010 (EB. reglugerð nr. 1688/2005)

Já Nei

Er viðskiptaskjalið á íslensku, ensku eða norðurlandamáli öðru en finnsku, fylgir því opinber þýðing eða hefur það verið samþykkt áður af lögbæru yfirvaldi ?

Já Nei

Er frumrit til staðar (Viðskiptaskjal skal vera í a.m.k. þríriti (eitt frumrit og tvö afrit). Frumritið skal fylgja sendingunni til lokaákvörðunarstaðar. Viðtakandi skal halda því eftir. Framleiðandinn skal halda eftir öðru afritinu og flytjandinn hinu.

Já Nei

Er frumrit viðskiptaskjals á einu blaði, áprentað báðum megin eða er form þess þannig að allar síðurnar mynda samfellda og órjúfanlega heild.

Já Nei

Eru viðbótarblöð fest við viðskiptaskjalið ?

Ef já:

Er undirskrift ábyrgðaraðila á hverri síðu fyrir sig?

Já Nei

Er undirskrift ábyrgðaraðila í öðrum lit en prentaði textinn?

Já Nei

Kjúklingakjöt

Er kjúklingakjöt flutt inn ?

Ef já:

Upplýsingar um sendingu

Dagsetning sendingar:

Tollskrárnúmer:

Nánari lýsing á vöru/vörum:

Viðskiptaland:

Upprunaland:

Hversu mikið magn er flutt inn af vörunni (þyngd) :

Fjöldi pakkninga í sendingunni:

Þyngd á pakkningum (einingum):

Er viðbótartrygging til staðar? (Er vara frá Danmörk, Svíþjóð, Noregi eða Finnlandi?)

Ef Nei:

Er rannsóknarvottorð fyrir salmonellugreiningar til staðar? sbr. 1. gr. í reglugerð nr. 134/2010

Já

Nei

Ef já:

Er um að ræða skrokk, stykkjaða vöru eða hakk?

Um er að ræða skrokka, hálfu skrokka, hálfu skrokka sem eru stykkjaðir í að hámarki þrjú hluta og fjórðungar sem um getur í 1. lið A- hluta í viðauka 1 í reglugerð nr. 134/2010 (EB. 1688/2005)

- Er sýnataka skv. 1. tl. í B-þætti í viðauka 1 í reglugerð nr. 134/2010 (EB reglugerð nr. 1688/2005)

Já

Nei

Um er að ræða fjórðunga, stykki og/eða smærri hluta sem um getur í 2. lið A-hluta og hakkað kjöt sem um getur í 3. lið í A-hluta í viðauka 1 í reglugerð nr. 134/2010 (EB. 1688/2005)

- Er sýnataka sv. 2. tl. í B-þætti í viðauka 1 í reglugerð nr. 134/2010 (EB. 1688/2005)

Já

Nei

Hvaða rannsókn aðferð er notuð við greiningu á Salmonellu?

EN/ISO 6579

EN/ISO 6140

Aðferð nr. 71 í

Aðrar faggildar aðferðir

Ekkert af framangreindu

Er viðskiptaskjal til staðar ?

Já

Nei

Ef já:

Er viðskiptaskjal útbúið skv. fyrirmynd í viðauka IV í reglugerð nr. 134/2010 (EB. reglugerð nr. 1688/2005)

Já Nei

Er viðskiptaskjalið á íslensku, ensku eða norðurlandamáli öðru en finnsku, fylgir því opinber þýðing eða hefur það verið samþykkt áður af lögbæru yfirvaldi ?

Já Nei

Er frumrit til staðar (Viðskiptaskjal skal vera í a.m.k. þríriti (eitt frumrit og tvö afrit). Frumritið skal fylgja sendingunni til lokaákvörðunarstaðar. Viðtakandi skal halda því eftir. Framleiðandinn skal halda eftir öðru afritinu og flytjandinn hinu.

Já Nei

Er frumrit viðskiptaskjals á einu blaði, áprentað báðum megin eða er form þess þannig að allar síðurnar mynda samfellda og órjúfanlega heild.

Já Nei

Eru viðbótarblöð fest við viðskiptaskjalið ?

Ef já:

Er undirskrift ábyrgðaraðila á hverri síðu fyrir sig?

Já Nei

Er undirskrift ábyrgðaraðila í öðrum lit en prentaði textinn?

Já Nei

Er varan ófrosin ?

Ef já:

Eru niðurstöður kampýlobaktergreiningar til staðar ?

Já Nei

Kalkúna-, perluhænsna-, gæsa- og andakjöt

Er kalkúnakjöt flutt inn ?

Ef já:

Upplýsingar um sendingu

Dagsetning sendingar:

Tollskrárnúmer:

Nánari lýsing á vöru/vörum:

Viðskiptaland:

Upprunaland:

Hversu mikið magn er flutt inn af vörunni (þyngd) :

Fjöldi pakkninga í sendingunni:

Þyngd á pakkningum (einingum):

Er viðbótartrygging til staðar? (Er vara frá Danmörk, Svíþjóð, Noregi eða Finnlandi?)

Ef Nei:

Er rannsóknarvottorð fyrir salmonellugreiningar til staðar? sbr. 1. gr. í reglugerð nr. 134/2010

Já

Nei

Ef já:

Er um að ræða skrokk, stykkjaða vöru eða hakk?

Um er að ræða skrokka, hálfu skrokka, hálfu skrokka sem eru stykkjaðir í að hámarki þrjá hluta og fjórðungar sem um getur í 1. lið A- hluta í viðauka 1 í reglugerð nr. 134/2010 (EB. 1688/2005)

- Er sýnataka skv. 1. tl. í B-þætti í viðauka 1 í reglugerð nr. 134/2010 (EB reglugerð nr. 1688/2005)

Já

Nei

Um er að ræða fjórðunga, stykki og/eða smærri hluta sem um getur í 2. lið A-hluta og hakkað kjöt sem um getur í 3. lið í A-hluta í viðauka 1 í reglugerð nr. 134/2010 (EB. 1688/2005)

- Er sýnataka sv. 2. tl. í B-þætti í viðauka 1 í reglugerð nr. 134/2010 (EB. 1688/2005)

Já

Nei

Hvaða rannsóknaraðferð er notuð við greiningu á Salmonellu?

EN/ISO 6579

EN/ISO 6140

Aðferð nr. 71 í

Aðrar faggildar aðferðir

Ekkert af framangreindu

Er viðskiptaskjal til staðar ?

Já

Nei

Ef já:

Er viðskiptaskjal útbúið skv. fyrirmynd í viðauka IV í reglugerð nr. 134/2010 (EB. reglugerð nr. 1688/2005)

Já

Nei

Er viðskiptaskjalið á íslensku, ensku eða norðurlandamáli öðru en finnsku, fylgir því opinber þýðing eða hefur það verið samþykkt áður af lögbæru yfirvaldi ?

Já

Nei

Er frumrit til staðar (Viðskiptaskjal skal vera í a.m.k. þríti (eitt frumrit og tvö afrit). Frumritið skal fylgja sendingunni til lokaákvörðunarstaðar. Viðtakandi skal halda því eftir. Framleiðandinn skal halda eftir öðru afritinu og flytjandinn hinu.

Já

Nei

Er frumrit viðskiptaskjals á einu blaði, áprentað báðum megin eða er form þess þannig að allar síðurnar mynda samfellda og órjúfanlega heild.

Já

Nei

Eru viðbótarblöð fest við viðskiptaskjalið ?

Ef já:

Er undirskrift ábyrgðaraðila á hverri síðu fyrir sig?

Já

Nei

Er undirskrift ábyrgðaraðila í öðrum lit en prentaði textinn?

Já

Nei

Er varan ófrosin ?

Ef já:

Eru niðurstöður kampýlobaktergreiningar til staðar ?

Já

Nei

Hvar fara sýnatökur fram?

- Sýnatökur eru í eldishópum alifugla
- Sýnatökur eru við slátrun
- Sýnatökur eru úr afurðum

Eru sýnatökur í samræmi við kröfur í viðauka I í reglugerð nr. 891/2019 ?

-

Já

Nei

Annað alifuglakjöt en kjúklinga- og kalkúnakjöt

Er annað alifuglakjöt en kjúklinga- og kalkúnakjöt flutt inn ?

Ef já:

Upplýsingar um sendingu

Dagsetning sendingar:

Tollskrárnúmer:

Nánari lýsing á vöru/vörum:

Viðskiptaland:

Upprunaland:

Hversu mikið magn er flutt inn af vörunni (þyngd) :

Fjöldi pakkninga í sendingunni:

Þyngd á pakkningum (einingum):

Er varan ófrosin ?

Ef já:

Eru niðurstöður kampýlobaktergreiningar til staðar ?

Já

Nei

Hvar fara sýnatökur fram?

- Sýnatökur eru í eldishópum alifugla
- Sýnatökur eru við slátrun
- Sýnatökur eru úr afurðum

Eru sýnatökur í samræmi við kröfur í viðauka I í reglugerð nr. 891/2019 ?

Já

Nei

Egg

Eru egg flutt inn ?

Ef já:

[Upplýsingar um sendingu](#)

Dagsetning sendingar:

Nánari lýsing á vöru/vörum:

Viðskiptaland:

Upprunaland:

Hversu mikið magn er flutt inn af vörunni (þyngd) :

Fylgir vottorð með sendingu eins og greint er á um í viðauka V, í reglugerð nr. 134/2010 (EB. reglugerð nr. 1688/2005)

Já

Nei

Munu eggin vera notuð í framleiðslu sem tryggir eyðingu á salmonellu?

Ef nei:

Eru niðurstöður salmonellugreiningar til staðar? sbr. 5. gr. í reglugerð nr. 134/2010 (EB. reglugerð nr. 1688/2005)

Já

Nei

Er sýntökuaðferð skv. A-þætti í viðauka III í reglugerð nr. 134/2010 (EB. reglugerð nr. 1688/2005)

3. Sýnatökur

Tegund matvæla

- Nautakjöt
- Svínakjöt
- Kjúklingakjöt
- Kalkúnakjöt
- Annað alifuglakjöt en af kjúklingum og kalkúnum.
- Egg

Frosið eða ófrosið

- Frosið
- Ófrosið

Myndir af vöru

(Takið myndir af öllum merkingum á vörunni)

Auðkenni sýnis

- DD.MM.ÁÁÁÁ – Númer sýnis

Vörumerki:

Vöruheiti:

Rekjanleikanúmer:

Best fyrir / Síðasti notkunardagur:

Viðskiptaland:

Upprunaland:

Rannsóknabáttur:

- Salmonella
- Kamylobakter

Eru gerðar athugasemdir við upplýsingagjöf á umbúðum vörunnar:

Aðrar upplýsingar:

Sýnatökur hjá dreifingaraðilum

Búnaður

Kælibox með kælikubbum (eitt fyrir hvern sýnatökustað)

Merkipenna til að merkja sýnin eða límmiða

Skráningar

Fylla skal út sýnatökuseðil (sjá fylgiskjal) fyrir rannsóknastofu.

Upplýsingar um sýnatöku skal fylla inn í gátlista

Framkvæmd

Skoða skal rekjanleika á vörum á lager

Sýnin skal setja strax í kælibox

Ef sýni þarf að senda í flugi skal pakka þeim inn í frauðplastkassa með ís/kælípökum

Merkja skal pakkningu með stórum stöfum „KÆLIVARA“ eða „FRYSTIVARA“

Mat á athugasemdum.

Vísað er í skoðunarhandbóka Heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga og Matvælastofnunar þar sem fjallað er um mat á athugasemdum og þvingunaraðgerðir.

Dæmi um athugasemdir við brotum geta verið þegar

- Viðskiptaskjal vantar eða er ekki rétt fyllt út.
- Sýnataka að baki viðskiptaskjals er ekki í samræmi við reg. EB/1688/2005

Gerðar eru kröfur um úrbætur og tíðni eftirlits aukin t.d. með eftirfylgni.

Mögulegar þvingunaraðgerðir eru samkvæmt 30. gr. laga nr. 93/1995 um matvæli.

Dæmi þar sem grípa þarf til þvingunarúrræða

- Ef Salmonella og/eða Kampylobakter er í vörunni er ekki heimilt að dreifa henni, hana skal strax stöðva í dreifingu og innkalla af markaði hafa henni verið dreift
- Ekki er sýnt fram á að kampýlobakter sé ekki í afurðum sendingar
- Ekki er sýnt fram á það með niðurstöðum greininga að salmonella sé ekki í vörunni.

Vara er stöðvuð í dreifingu og tekin af markaði og innkölluð frá neytendum hafi henni verið dreift.